

Nd.

158. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Á eftir fyrra málsl. 1. málgr. 4. gr. laganna kemur nýr másl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma.

2. gr.

7. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar sildarverksmiðja ríkisins.

Greinargerð.

Nú þegar hefir komið í ljós, að einn stjórnarmaður hefir verið langdvölum erlendis og því ekki getað komið á fundi í stjórn ríkisverksmiðjanna. Getur þetta vitanlega komið þrúfaldlega fyrir, að stjórnendur forfallist, og verður því að teljast óverjandi, að ekki séu settir varamenn í stjórn sildarverksmiðjanna, eins og flestar aðrar opinberar stjórnir, sem kosnar eru til langs tíma.

Þá hefir stjórn verksmiðjanna fengið það staðfest, að ákvæðið um, að rikissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum verksmiðjanna, sem stofnaðar kunna að verða eftir 31. des. 1937, getur valdið verksmiðjunum örðugleikum um útvegum rekstrarfjár. Og þar eð sjómenn og verkamenn og raunar þjóðfélagið í heild á mjög mikið undir því komið, að rekstur sildarverksmiðja ríkisins geti gengið alveg óhindrað, telur flm. rétt að bæta úr þessu með niðurfellingu 7. gr. laganna. Ýmsar fleiri breytingar hefði flm. talið nauðsynlegar á l., en hefir að þessu sinni horfið frá að hreyfa þeim breytingum, er ágreiningi gætu valdið milli flokka, ef vera kynni, að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, er bundizt hafa fastmælum um stjórn verksmiðjanna, fengjust þá fremur til að fallast á þessar sjálfsögðu og nauðsynlegu breytingar.